

SAMVINNA UM LÆSI

Tillaga að foreldrafræðslu
um lestur og lestrarnám
barna í 1. bekk



*Samvinna um læsi – Tillaga að foreldrafræðslu um lestur
og lestrarnám barna í 1. bekk*

Ritstjóri: Guðbjörg R. Þórisdóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2021

Endurskoðuð útgáfa 2026

Miðstöð menntunar og skólapjónustu

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða
í heild, án skriflegs leyfis höfundar eða útgefanda.

ISBN: 978-9979-0-2672-3

SAMVINNA UM LÆSI

Tillaga að foreldrafræðslu um lestur
og lestrarnám barna í 1. bekk



Handbók



Miðstöð menntunar
og skólajónustu

Efnisyfirlit

Fræðslufundir fyrir foreldra um lestur og lestrarnám	5
Íslenska sem annað tungumál	6
Markmið fræðslunnar	7
Skipulag, efni og framkvæmd	8
Tillaga að framkvæmd	9
Tillaga að foreldrafræðslu	10
Kynning á efni fundar og starfsfólki	10
Mikilvægi foreldra og góðs samstarfs	11
Stuðningur foreldra er mikilvægur	12
Mikilvægar forsendur lestrarnáms	13
Hvernig lesturinn er kenndur	14
Dæmi um verkefni nemenda	15
Annað tengt lestri í 1. bekk	16
Lesfimi	16
Mat á lestri	18
Viðmið	19
Dæmi um lestur barna	19
Heimalestur	21
Heimalestur: Góðar venjur	22
Heimalestur: Hugað að skilningi	23
Ef heimalesturinn gengur erfiðlega	24
Styðjandi aðferðir við heimalestur	25
Að lokum	26
Hugtök og skilgreiningar	27
Heimildir og ítarefni	28

Fræðslufundir fyrir foreldra um lestur og lestrarnám

Opin og hreinskiptin samskipti milli aðila sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta eru afar mikilvæg. Þetta gildir ekki síst um samstarf heimila og skóla enda sameiginlegt hagsmunamál að efla nemendur á allan hátt. Eitt af lögbundnum hlutverkum grunnskóla er að hafa frumkvæði að þessu samstarfi. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að gagnkvæm upplýsingagjöf og samráð sé forsenda árangursríks skólstarfs. Þar er einnig bent á gildi þess að foreldrar kynnist daglegu starfi skólans, enda aukist þá líkur á þátttöku þeirra sem getur stuðlað að bættum árangri og líðan barnanna.

Það vill gleymast að eina reynsla margra foreldra af starfi grunnskóla er eigin skólaganga og því nauðsynlegt að þeir fái tækifæri til að kynnast skólstarfinu og eiga samtal við kennara barna sinna um ólík hlutverk og ábyrgð í náminu. Þegar upp er staðið er farsælast að allir sem að námi barna koma taki höndum saman með gagnkvæmri virðingu fyrir þekkingu hvers annars.

Markmiðið með efninu er að foreldrar fái fræðslu um mikilvæga þætti lestrarnáms, upplýsingar um kennsluhætti skólans og þær væntingar um lestrarþjálfun sem eru gerðar til þeirra. Síðast en ekki síst fái þeir leiðbeiningar og aðferðir til að geta staðið undir þessum væntingum.



Þar sem áherslur skóla geta verið mismunandi verður að líta á þetta efni sem tillögur að foreldrafræðslu. Nauðsynlegt er að útbúin sé sérstök kynning í hverjum skóla fyrir sig, tekin afstaða til þess hve mikið af upplýsingum úr þessari handbók eru nýttar og hvort haldinn sé fundur eða efninu miðlað með öðrum hætti. Uppsetning fræðsluefnisins er með þeim hætti að sett hefur verið upp dæmi um glærुकynningu sem hægt er að styðjast við að eins miklu leyti og hentar hverjum skóla fyrir sig. Hverri glæru fylgir ítarlegri umfjöllun um efnið til að auðvelda flytjendum að skipuleggja mál sitt. Einnig eru tilvísanir í frekara lesefni og heimildir. Hafa ber í huga að þrátt fyrir að efnið sé ætlað til fræðslu fyrir foreldra barna í 1. bekk er hægt að nota hluta af því til fræðslu í öðrum árgöngum eftir því sem við á.

Íslenska sem annað tungumál

Hafa þarf í huga hvaða stefnu sveitarfélagið hefur mótað sér varðandi nemendur og foreldra sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSAT). Hér að neðan eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga ef foreldrar með íslensku sem annað tungumál eru í þeim hópi sem fræðslan er ætluð en í grunninn á hið sama að gilda um alla nemendur skólans.

- Foreldrar allra nemenda eiga að fá sömu skilaboð óháð móðurmáli, enda stunda nemendurnir lestrarnám sitt á íslensku í íslenskum skóla.
- Hlutverk túlka er að koma skilaboðum skólans á framfæri.
- Mikilvægt er að fundarboð til foreldra með annað tungumál en íslensku sé skýrt og að fram komi að túlkur verði á staðnum.
- Foreldrar með annað mál en íslensku þurfa að fá þau skilaboð að ætlast sé til að þeir lesi með börnum sínum á íslensku og að mikilvægt sé að viðhorf til íslenskunnar á heimilinu sé jákvætt. Þrátt fyrir að lesið sé á íslensku er hægt að ræða um innihaldið á móðurmálinu.
- Íslensku ætti að nota helming vökutíma barnsins. Mikilvægt er að útskýra fyrir foreldrum að tungumál landsins þar sem fjölskyldan býr þarf að vera sterkara tungumálið ef barnið á að spjara sig í námi og leik. Einnig að þrátt fyrir að foreldrar kunni ekki íslensku sé stuðningur þeirra við nám barnsins afar mikilvægur.

- Gott getur verið að nýta tækifærið til að kynna aðstoð sem er í boði utan skólans t.d. heimanámsaðstoð og slíkt á þessum fundi.

Mikill munur er milli skóla hvað varðar fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál og hve fjölbreyttur sá hópur er. Ef margir hafa sama heimamál er hugsanlegt að vera með sérstakan fund með túlki fyrir þá. Einnig getur í einhverjum tilfellum hentað að vera með fræðsluna tengt einstaklingsviðtali með túlki. Ávallt verður þó að hafa í huga að sömu skilaboð berist til allra.

Stuðningsefni

- [Vefur Miðju máls og læsis](#)
- [Móðurmál](#)
- [Velkomin/n vefurinn](#) hefur að geyma mikilvæg atriði sem þarf að upplýsa foreldra barna, sem hafa íslensku sem annað tungumál, um varðandi nám barna þeirra.

Markmið fræðslunnar

Markmið með fræðslunni er að auka þekkingu foreldra á gildi lestrarþjálfunar, lestrar aðferðum og kennsluháttum og að leggja grunn að samstarfi milli heimila og skóla um lestrarnám barnanna. Þannig eru auknar líkur á að námið gangi vel. Þess vegna er mikilvægt að í hverjum og einum skóla séu skilaðin til foreldra ígrunduð vel. Gott er að gera grein fyrir stefnu skólans varðandi samstarfið jafnvel þó hún komi fram í læsisstefnu skólans, hvaða hlutverk eru ætluð foreldrum og rökstyðja hvers vegna. Mikilvægt er að hafa í huga að í fjölbreyttum foreldrahópi býr ýmiss konar þekking en líklegt er að flestir foreldrar hafi takmarkaða þekkingu á lestrarkennslu og þeim hugtökum og fagorðum sem eru notuð innan læsisfræðanna. Mikilvægt er að upplýsa foreldra um staðreyndir og kenna þeim aðferðir á eins einfaldan hátt og unnt er. Það er einkum þrennt sem hugmyndin um

öfluga fræðslu varðandi lestur og lestrarnám við upphaf grunnskólagöngu byggir á:

- Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi heimalestrar, börn sem fá lestrarþjálfun heima með aðstoð foreldra ná betri árangri í lestri en þau sem fá litla eða enga þjálfun.
- Foreldrar vilja gjarnan styðja við nám barna sinna eftir bestu getu en vantar oft þekkingu á lestri og hvernig á að þjálfu hann.
- Ef kennarar ætla foreldrum stórt hlutverk í lestrarþjálfun er líklegra til árangurs að upplýsa þá um mismunandi hlutverk skóla og heimilis í lestrarnáminu og fá þeim í hendur verkfæri til þjálfunarinnar.

Velji skólar að senda heim fræðslu með skilaðum s.s. tölvupósti frekar en að boða foreldra til fundar er sérlega mikilvægt að gæta að því að framsetning sé skýr og einföld svo upplýsingarnar komist til skila.



Skipulag, efni og framkvæmd

Fræðsluefnið samanstendur af þessari handbók, kennslumyndböndum með styðjandi aðferðum í lestrarkennslu og þjálfun, og tvö dæmi um það hvernig fræðsla af þessu tagi hefur verið útfærð af skólum.

Í handbókinni eru reitir með heitinu *Stuðningsefni* en þar má finna krækjur á ítarefni og lestraraðferðir á neti sem hægt er að smella á til að nálgast efnið.

Í framsetningu efnisins er gert ráð fyrir að haldinn sé fundur með foreldrum en með því að fá foreldra á staðinn er þeim gefið tækifæri til að spyrja, koma með athugasemdir og þannig styrkir skólinn persónuleg tengsl við foreldra. Hægt er að nýta efnið með öðrum hætti, til dæmis er hægt að taka eitt eða fleiri efnisatriði og:

- Senda heim stutt skilaboð gegnum fréttabréf, vikupistla eða samfélagsmiðla skólans.
- Taka fyrir einn efnispátt eða eina aðferð (s.s. kórlestur) og senda foreldrum myndbandið og jafnvel verkefni.
- Kynna valda efnispætti á haustfundum eða öðrum fundum sem haldnir eru í skólanum.
- Kynna á samfélagsmiðlum skólans.

Ef ætlunin er að nýta efnið til þess að halda fræðslufund þarf að huga að nokkrum atriðum:

- Velja þann sem ber ábyrgð á fræðslunni hvort sem það er stjórnandi eða kennari.
- Velja þann eða þá sem bera ábyrgð á framkvæmd fræðslunnar og umsýslu ef það er annar en ábyrgðaraðili. Gott getur verið að mynda teymi sem hjálpast að.
- Velja markhóp fyrir fræðsluna.
- Ef ætlunin er að ná til foreldra allra barna tiltekins árgangs getur verið góð hugmynd að bjóða upp á tvo mismunandi fundartíma til að auka líkur á að allir komist. Sem dæmi einn fund að morgni og annan að kvöldi.
- Móta þarf stefnu um hvort þátttaka forráðamanna í fræðslu sé valkvæð eða hvort gert er ráð fyrir að þeir mæti. Ef sú stefna er mörkuð að allir forráðamenn skulu upplýstir um fræðsluefnið þarf að huga að eftirfylgni skólans varðandi þá sem ekki koma.

Tillaga að framkvæmd

Það er að ýmsu að hyggja þegar fræðslufundur er skipulagður og boðað til hans. Ákveða þarf efnistöð, hver eða hverjir eigi að flytja efnið og hvort fræðslunni verði fylgt eftir með hvatningu, upprifjun eða með öðrum hætti. Gott er að hafa í huga að gott skipulag, skýr rammi um fræðslufundinn og viðvera skólastjórnenda eru skýr skilaboð til foreldra um mikilvægi fundarins. Hér fyrir neðan er hugmynd að skipulagi sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar valin er heppilegasta leiðin fyrir skólann varðandi námskeiðshaldið. Athugið að þetta er einungis dæmi um útfærslu.

VERKEFNI	FRAMKVÆMD	ÁBYRGÐARAÐILI
Fyrirkomulag fundartíma	Tveir fundir haldnir, annar að kvöldi og hinn að morgni, nokkrir dagar hafðir á milli. Stjórnandi sér um að kanna og velja hentugar dagsetningar í samstarfi við umsjónar- og sérkennara.	Stjórnandi
Fundarboð og skráning	Umsjónarkennarar útskýra tilgang með fræðslunni og sjá til þess að allir foreldrar fái fundarboð. Ef hentar getur verið gott að nota viðtalsdag til skráningar en annars tölvupóst eða aðrar leiðir. Umsjónarkennarar taka við skráningum og fyrirspurnum frá foreldrum. Ef ætlast er til þátttöku frá heimilum allra barna en einhverjir svara ekki kannar stjórnandi hvað veldur því og lausna er leitað. Umsjónarkennari sér til þess að mætingarblað þar sem foreldrar skrá viðveru sé til staðar á fundinum svo hægt sé að fá yfirlit yfir raunverulega mætingu og koma upplýsingum til þeirra sem ekki komust.	Umsjónarkennari
Flutningur efnis	Ábyrgðaraðilar skipta efninu á milli sín í samræmi við hlutverk sitt en sérkennari ber ábyrgð á að setja efnið saman í eina heild. Sérkennari gerir grein fyrir störfum sínum, skimunum, vísbendingum um vanda, viðmiðum og því sem mætti flokka sem fræðilega hluta kynningarinnar. Umsjónarkennari segir frá kennsluáðferðum s.s. innlögn, lestri í skóla og væntingum til foreldra varðandi þjálfun heima.	Sérkennari
Viðstaddir á vegum skólans	Það er gott að allir sem koma að lestrarkennslu, lestrarstuðningi og þjálfun í árganginum séu viðstaddir svo foreldrar fái að sjá þá. Einhver af stjórnendum skólans ætti ávallt að vera viðstaddur fræðslufund, bæði til að vera meðvitaður um skilaboðin til foreldra og eins til að undirstrika mikilvægi verkefnisins. Stjórnandi er ábyrgur fyrir því að bjóða og gera öðrum kennurum og stuðningsfulltrúum skólans, kennsluráðgjafa og skólasálfræðingi kleift að sitja fund til að gera þá meðvitaða um fræðsluna og þau skilaboð sem skólinn sendir foreldrum.	Stjórnandi
Eftirfylgni	Umsjónarkennarar útbúa tímasett skipulag þar sem kemur fram hvað þeir ætla að minna á í vikulegu fréttabréfi. Sérkennari sér um að fylgja sínum nemendum sérstaklega eftir og kanna hvernig gengur að beita mismunandi aðferðum í heimalestri.	Umsjónarkennari og sérkennari
Foreldrar sem mættu ekki	Stjórnandi, með aðstoð umsjónarkennara, kannar hvort og þá hverjir komu ekki á fræðslufundinn og afstaða er tekin til þess hvort rétt sé að a) boða þá á sérstakan fund. b) senda póst með helstu atriðunum og hvetja til samstarfs.	Stjórnandi og umsjónarkennari
Foreldrar barna með ÍSAT	Gæta þess að boða viðeigandi túlk/túlka á fundi og upplýsa foreldra um að fundurinn verði túlkaður.	Stjórnandi

Tillaga að foreldrafræðslu

Kynning á efni fundar og starfsfólki

Foreldrafræðslan byggir á glærukynningu sem er þungamiðja fræðslunnar og er samfelldi textinn nánari lýsing á efni glæranna. Á *Læsis-vefnum* er einnig að finna dæmi um hvernig skólar hafa útfært fræðslu sína fyrir foreldra barna í 1. bekk. Skólar eru hvattir til að móta foreldrafræðslu sína í takt við eigin áherslur í skólastarfi og ekkert sem mælir gegn því að inntak fræðslunnar sé annað en það sem hér birtist eins og fram kemur í inngangi efnisins.

Fyrstu glærurnar snúa að skipulagi fundar og því að kynna það starfsfólk skólans sem sinnir lestrarkennslu í 1. bekk og starfshætti.

Ákjósanlegt er ef allir sem koma að lestrar-kennslu í 1. bekk séu viðstaddir fundinn. Verið er að kynna þá sem sinna kennslunni og mynda tengingar milli þeirra og foreldra. Með því að kynna starfsfólk og hlutverk þeirra vel er foreldrunum gert auðveldara um vik að hafa samband og leita upplýsinga.

Gott er að útskýra hlutverk og skipulag stoðþjónustu skólans og tengja við hugmyndafræðina um snemmtæka íhlutun sem er fjallað um á glæru 5. Sú stefna að bíða og sjá til þegar börn virðast eiga í vanda er ekki lengur viðurkennd og gagnlegt fyrir foreldra að átta sig á að hlutverk stoðþjónustu er að bregðast við eftir þörfum einstakra nemenda.

Samvinna um læsi

Foreldrafræðsla um lestur og lestrarnám barna í 1. bekk

Glæra 1

Efni fundar

- Helstu fundarefni

Glæra 2

Umsjónarkennarar og stoðþjónusta

- Kynna þá sem koma að lestrarkennslu í 1. bekk.
- Útskýra hvernig staðið er að stuðningi við nemendur.
- Hverjir meta þörf fyrir stuðning og hvenær.

Glæra 3

Mikilvægi foreldra og góðs samstarfs

Eitt af hlutverkum grunnskóla er að stuðla að góðu samstarfi og upplýsa foreldra um starfið. Farsælast fyrir nám barna er að allir sem að því koma taki höndum saman með gagnkvæmri virðingu hver fyrir þekkingu annars. Best er ef litið er á lestrarkennsluna sem sameiginlegt verkefni heimila og skóla þar sem kennarar eru faglegir leiðtogar og foreldrar upplifa jákvæðan vilja til samstarfs af hálfu skóla. Í fræðslunni ætti að tala jákvætt og hvetjandi um samstarfið og leggja þannig línurnar. Ef foreldrar upplifa sig ekki hafa vægi eða rödd varðandi nám barna sinna er ólíklegt að þeir leiti til skólans að fyrra bragði, hvort sem er með ábendingar varðandi eigið barn eða til að kalla eftir aðstoð.

Ávinningur af góðu samstarfi er mikill bæði fyrir líðan og nám nemenda, rannsóknir til langs tíma hafa sýnt fram á það. Til að foreldrar geti átt virkar samræður um skólagöngu barna sinna þurfa þeir að fá tækifæri til að kynnast skólastarfinu. Það eru ekki alltaf skýr skil á milli uppeldis og menntunar og mikilvægt að bæði foreldrar og kennarar vilji takast á við samstarfið, veita upplýsingar á báða bóga og taka hluta ákvarðana í sameiningu.

Það er mikilvæg forsenda árangurs að kennarar og foreldrar hafi trú á börnunum og að þau finni þessa tiltrú, m.a. í því að gerðar eru jákvæðar væntingar til þeirra bæði heima og í skóla. Kennarar, foreldrar og aðrir sem að náminu koma þurfa að hafa þá sameiginlegu sýn að hvert barn geti náð góðum árangri.

Ítarefni um samstarf heimila og skóla má m.a. finna í bók Nönnu Kristínar Christiansen, *Skóli og skólaforeldrar*.

Leggjum grunn að góðu samstarfi

- Nám barnanna er sameiginleg ábyrgð heimila og skóla þó að skólinn gegni faglegu leiðtogahlutverki.
- Mestar líkur eru á að vel gangi ef heimili og skóli eru samstíga.
- Gagnkvæm virðing fyrir þekkingu er mikilvæg.
- Viðhorf og væntingar til lestrar námsins skipta máli.

Glæra 4



Stuðningur foreldra er mikilvægur

Í snemmtækri íhlutun felst að bregðast fljótt við erfiðleikum einstakra nemenda með viðeigandi kennslu en ekki bíða og sjá til hvort þeir taki við sér. Þetta er gert til að auka líkur á að lestrarnámið gangi vel og til að koma í veg fyrir langvarandi lestrarvanda sem oft leiðir af sér minnkað sjálfstraust og vanlíðan í námi. Til að vita stöðu barnsins þarf að meta hana og á matinu eru aðgerðir byggðar. Ef ekkert er að gert verður lestrarvandinn viðvarandi. Börn sem eiga auðvelt með lestur lesa jafnan meira og taka því frekari framförum. Börn sem sækist lestrarnámið illa vilja lesa minna og komast yfir minna sem gerir það að verkum að þau bæta minna við orðaforða sinn. Ef þau fá ekki réttan stuðning og aðhald, komast jafnvel upp með að lesa lítið sem ekkert, fer þeim lítið fram. Þetta hefur verið kallað Mattheusaráhrif.



Stuðningur foreldra er mikilvægur

Fyrstu árin í grunnskólanum eru sérlega mikilvæg hvað varðar lestrarnám:

- Mattheusaráhrif
 - Bilið milli nemenda sem eiga auðvelt með lestrarnám og þeirra sem eiga erfitt með það hefur tilhneigingu til að breikka sé ekkert að gert.
- Snemmtæk íhlutun
 - Er að bregðast fljótt við erfiðleikum með viðeigandi kennslu.
 - Getur dregið úr og jafnvel fyrirbyggt vanda.

Glæra 5

Stuðningsefni

Á *Læsisvef* Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu má finna umfjöllun um lestrarkennslu og lestrarerfiðleika:

- [Góð lestrarkennsla](#)
- [Lestarerfiðleikar](#)

Í handbókinni *Leið til læsis* á bls. 27 og víðar í bókinni er fjallað um mikilvægi þess að bíða ekki og bregðast strax við þegar vísbendingar koma fram um lestrarvanda:

- [Leið til læsis - handbók](#)

Mikilvægar forsendur lestrarnáms

Grunnur að læsi er lagður strax á fyrstu ævi-árum. Málþroski og hljóðkerfisvitund eru mikilvægar forsendur lestrarnáms og skilnings bæði á töluðu máli og rituðu. Grunnskólar ættu að hafa upplýsingar um hljóðkerfisvitund nemenda úr Hljóm-2 prófi sem er lagt fyrir á lokaári í leikskóla og eðlilegt er að áframhaldandi þjálfun á grundvelli þeirra upplýsinga hefjist strax að hausti í 1. bekk. Þá er gott að upplýsa foreldra um að þessar niðurstöður séu hafðar til hliðsjónar við mat á stöðu nemenda við upphaf grunnskólagöngu. Gagnlegt er að útskýra fyrir foreldrum hvernig þeir geta þjálfað hljóðkerfisvitundina með ýmsum leikjum svo sem að ríma, finna hljóð í orðum, finna orð sem byrja eða enda á vissum hljóðum svo dæmi séu nefnd. Margar hugmyndir eru í efninu *Markviss málörvun* og það tekur ekki langan tíma að láta foreldra prófa nokkra leiki til að festa þá betur í minni sér. Í tilfellum þeirra nemenda sem eiga í töluverðum vanda er mikilvægt að sérkennari boði foreldra á fund og ræði heppilegar leiðir í þjálfun, þar sem upplýsingar á stórum fundi verða alltaf almenns eðlis.

Vægi ensku í daglegu lífi barna gegnum snjalltæki og sjónvarp hefur aukist mikið undanfarin ár. Það er óvíst að allir foreldrar átti sig á þeirri hindrun í námi sem það er fyrir börn að skorta orð á íslensku og mikilvægt að gera þeim grein fyrir þessu, hvetja þá til að lesa fyrir börnin og gefa sér tíma til að ræða við þau. Í upphafi lestrarnáms, meðan aðaláherslan er á stafi og hljóð og umskráningu, er vandi vegna málþroska og orðaforða ekki alltaf áberandi en verður svo augljós hindrun um leið og texti þyngist.

Mikilvægar forsendur lestrarnáms

- Lestur byggir á tungumálinu.
- Hljóðkerfisvitund er færnin að skynja hljóðtungumálsins án tengsla við merkingu. Dæmi um hæfni eru ...
 - að ríma
 - að klappa atkvæði
 - að greina einstök hljóð í orðum
 - að geta t.d. skipt út hljóðum í orðum (rós/dós, rólan/rólar, rás/rós).
- Góður málþroski og orðaforði er mikilvæg forsenda fyrir velgengni í lestrarnámi.
- Hvetja foreldra til að lesa fyrir börnin, rýna í orð og gefa sér tíma til að ræða um inntakið.

Glæra 6

Stuðningsefni

Upplýsingar um hljóðkerfisvitund og aðrar forsendur lestrar auk verkefna má finna á [Læsisvef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu](#). Í 7. kafla [Leið til læsis - handbók](#) er einnig fjallað um eðli og þjálfun hljóðkerfisvitundar:

- [Um hljóðkerfisvitund](#)
- [Leið til læsis - handbók](#)
- [Markviss málörvun](#)

Myndbandið hér fyrir neðan sýnir hvernig hægt er að þjálfa tengsl stafa og hljóða og vinna með hljóð í orðum:

- [Hljóðkerfisvitund: Stafa- og hljóðavinnu með spilum](#)

Hvernig lesturinn er kenndur

Reynsla margra foreldra af starfi grunnskóla byggist á eigin skólagöngu sem endurspeglar ekki endilega starf barna þeirra í skóla. Með því að gefa foreldrum góða innsýn í kennsluna og skipulagið auðveldum við þeim að ræða við börnin sín um námið og skólann. Ýmislegt sem kennurum þykir augljóst er það ekki fyrir foreldrum og því mikilvægt að útskýra hvernig er kennt og af hverju. Það er t.d. gott að gera foreldrum grein fyrir hvernig tímarnir ganga fyrir sig þegar lagðir eru inn stafir og hljóð og hvernig verkefni eru unnin.

Umskráning orða og sjónrænn orðaforði

Líklegt er að tengsl stafa og hljóða liggi til grundvallar eða séu hluti af öllum lestrar-kennsluaðferðum sem notaðar eru í skólum hérlandis. Það er gott að fjalla um hvernig börnin, auk þess að læra hljóð stafanna og að umskrá þau yfir í orð, læra algeng orð utan að, þ.e. þau öðlast sjónrænan orðaforða og auka stöðugt við hann. Þetta tvennt vinnur saman, þ.e. stundum þurfa börn að hljóða sig í gegnum orð sem þau þekkja ekki og svo geta þau „bara sagt“ orðin sem þau þekkja án þess að hljóða sig í gegnum þau. Dæmi um þetta gæti verið málsgreinin *Ég fer ekki út, sagði Rósa*. Barn sem er búið að læra orðmyndirnar *ég* og *ekki* þekkir orðin og segir þau umhugsunarlítið en hljóðar sig gegnum hin orðin. Lesturinn verður því oft skrykkjóttur en það er eðlilegt fyrir byrjendur í lestri. Að öðlast skilning á þessu styrkir foreldra í því að styðja börnin við lesturinn. Það er líka gott að benda á að eftir því sem sjónrænn orða-

Lestrarkennslan í 1. bekk Hvernig fer hún fram?

- Stefna skólans í lestrarkennslu
- Hvernig bókstafir og hljóð þeirra eru kennd:
 - Hve margir bókstafir eru kenndir í einu?
 - Hve langur tími er ætlaður í stafainnlögn?
 - Umskráning orða
 - Algengar orðmyndir
 - Mikilvægi endurtekningar í lestrarkennslunni
 - Stafdráttur

Glæra 7



forði er meiri, því færri orð þarf að hljóða sig í gegnum og lesturinn flæðir betur.

Endurtekinn lestur á texta gegnir mikilvægu hlutverki í því að öðlast sjónrænan orðaforða og efla lesfimi og eru það sterk rök fyrir mikilvægi þjálfunar. Mismunandi er milli barna hve oft þau þurfa að sjá orð til að geta lagt þau á minnið og lesið án umhugsunar. Sum ná færni í lestri að því er virðist fyrirhafnarlítið, önnur eiga í afar miklum erfiðleikum og þurfa mjög mikla endurtekningu en stærsti hópurinn nær tökum á lestrinum með hæfilegri þjálfun og nokkurri endurtekningu. Þrátt fyrir að það þyki hugsanlega liggja í augum uppi að þörf fyrir þjálfun og endurtekningu sé mismikil þegar kemur að lestrarnámi, rétt eins og í öðru sem á að læra, er gagnlegt að benda foreldrum á þessa staðreynd í tengslum við umfjöllun um umskráningarfærni og sjónrænan orðaforða.

Stuðningsefni

Efni um hljóðaaðferðina og sjónrænan orðaforða má finna á [Læsisvef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu](#):

- [Um hljóðaaðferðina](#)
- [Sjónrænn orðaforði](#)

Tengsl lestrar og ritunar eru órjúfanleg. Tengsl stafs og hljóðs eru grunnur að hvoru tveggja og þjálfun annars styður hitt. Ritun er stundum hluti þeirra þjálfunar sem er ætlast til að fari fram heima og því er gott að útskýra þessi nánu tengsl fyrir foreldrum. Umfjöllun um þetta er inni á [Læsisvef Menntamálastofnunar](#):

- [Um ritun](#)

Dæmi um verkefni nemenda

Til að gera innihald fræðslunnar merkingarþærra fyrir foreldra er gott að þeir fái að sjá raunveruleg lestrarkennslutengd verkefni unnin af börnunum, hvort sem það eru myndir af verkefnum eða að verkefnin sjálf séu til sýnis. Sem dæmi má nefna lista af orðum sem er safnað við stafainnlögn, ritunarverkefni, hljóðtengingarverkefni o.s.frv.

Dæmi um verkefni nemenda

Myndir af sýnishornum eða raunveruleg sýnishorn sem foreldrar geta skoðað

Glæra 8

Annað tengt lestri í 1. bekk

Fyrst um sinn er mikil áhersla á tæknina að læra að lesa. Gott er að foreldrar átti sig á að ýmislegt sem er gert í skólanum er hluti af lestrarnáminu og lestrarmenningu skólans. Fyrir kemur að foreldrum er ætlað hlutverk til dæmis í lestrarsprettum eða áhugahvetjandi verkefnum og því gott að gera grein fyrir því.

Annað tengt lestri í 1. bekk

Nefna og kynna dæmi um lestrartengd verkefni

Glæra 9

Lesfimi

Ástæða þess að mikilvægt er að ræða lesfimi og útskýra hana fyrir foreldrum strax í upphafi er sú að eitt meginmarkmið lestrarkennslu þegar til langs tíma er lítið er góð lesfimi í aldurssvarandi texta. Lesfimi er afar mikilvæg færni sem er samsett úr nokkrum þáttum, tjáningu, sjálfvirkni, hljómfalli og flæði:

Tjáning: Ekki er verið að tala um leiklestur en til að lesturinn hljómi eðlilega og í samræmi við innihald textans, þurfa áherslur að vera réttar og hrynjandi einnig. Réttar áherslur benda til þess að lesarinn hafi skilning á innihaldi textans, nemendur sem eiga í erfiðleikum lesa oft eintóna og geta illa nýtt sér greinarmerki og aðrar vísbendingar í textanum.

Sjálfvirkni: Lesturinn er áreynslulaus, hraðinn er jafn og hæfir textanum og aldurssvarandi viðmiðum.

Hljómfall og hendingar: Lesturinn er áheyrilegur og hendingarnar og hljómfallið eru í samræmi við innihald textans og greinarmerkjasetningu.

Lesfimi

- Hvað er átt við með lesfimi?
- Hvers vegna skiptir lesfimi máli?
- Að hverju er stefnt með þjálfun lesfimi?
 - Mikilvægt er að tengja umræðu um lesfimi við viðmiðin.
- Lesfimi einstaklings er ekki sú sama í öllum textum því er mikilvægt að þjálfar lestur í ólíkum textagerðum og að textarnir þyngist eftir því sem færni vex.

Glæra 10

Flæði: Nákvæmur, réttur og jafn lestur þar sem lítið er um hik. Rangt lesin orð eru leiðrétt.

Lesfimi er mikið rannsökuð færni og hefur mikilvægi hennar verið margsannað með rannsóknum. Til að geta einbeitt sér algjörlega að innihaldi texta þarf lesturinn að vera að mestu áreynslulaus.

Sú athugasemd að leshraði barna skipti engu máli svo fremi þau skilji það sem þau lesa heyrir af og til en þetta er ekki alls kostar rétt. Það að þurfa að hægja á lestrinum vegna erfiðleika við umskráningu hefur áhrif á lesskilning. Þess vegna er of hægur lestur vísbending um vanda og það er um að gera að leiðrétta þann misskilning að verið sé að reyna að ná fram gríðarlegum leshraða á kostnað lestrarlags og skilnings. Mælingin „fjöldi rétt lesinna orða á mínútu“ segir okkur töluvert um flæði lestrarins því ef nemandi höktir, stoppar eða þarf jafnvel að endurlesa oft til að leiðrétta sig, hefur það áhrif á flæðið og þar með leshraðann. Það er kennara og annars fagfólks, sem sinnir lestrarkennslu og mati á lestri, að rýna í alla þætti svo sem hvað veldur hægum lestri eða hvort lesturinn er áheyrilegur þrátt fyrir nokkurn hraða.

Lesfimi einstaklings getur verið breytileg eftir textategundum og þyngd texta. Hægt er að nefna sem dæmi að sá sem les mikið af skáldsögum og á ekki í nokkrum vanda með það getur þurft að hafa meira fyrir því að lesa fræðitexta eða skýrslur svo eitthvað sé nefnt. Það er því gott að þjálfar lestur með fjölbreyttum og misþungum textum og að textarnir þyngist jafnt og þétt með aukinni færni.

Stuðningsefni

Á *Læsisvefnum* má finna ýmsar upplýsingar um lesfimi, kennsluaðferðir og hvað þarf að hafa í huga varðandi lesfimiþjálfun:

- [Spurt og svarað um lestrarþjálfun](#)
- [Um lesfimi](#)
- [Lesfimiaðferðir](#)

Í *Leið til læsis*, 9. kafla, má einnig finna umfjöllun um lesfimi og lesfimiþjálfun:

- [Leið til læsis - handbók](#)



Mat á lestri

Lestur er metinn til að kanna stöðu hvers nemanda og bregðast við niðurstöðum þegar þær liggja fyrir. Á heimasíðu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu má nálgast upplýsingar um Matsferil en hann er safn matstækja sem kennarar geta notað til að kanna stöðu- og framvindu nemenda, meðal annars í lestri.

Mikilvægast fyrir foreldra er að fá upplýsingar um:

- Hver tilgangur matsins er.
- Hvað telst æskilegur árangur.
- Hvernig upplýsingar munu birtast foreldrum.

Einnig er hægt að nefna stuttlega hvort aðstoð og leiðbeiningar til foreldra um breyttar áherslur í heimalestrinum muni fylgja þegar þess gerist þörf.

Mat á lestri í 1. bekk

- Hvaða mælitæki eru notuð og hvenær?
- Hvernig eru niðurstöðurnar notaðar til kennslu?
- Hvernig og hvenær fá foreldrarnir niðurstöðurnar?
- Gögn frá leikskólum sem hafa áhrif á framgang barns í grunnskóla skulu berast á milli stofnana samkvæmt 6. gr. laga um miðlun upplýsinga.

Glæra 11



Viðmið um árangur

Það er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum viðmið um árangur strax í upphafi lestrarnáms barna þeirra. Ein leið er að sýna dæmi um það hvernig niðurstöður eru settar fram og þeim skilað til for-eldra í kjölfar próffyrlagnar. Þessi leið hefur þann kost að þá gefst færi á að útskýra atriði í skýrsl- unni sem gætu vafist fyrir foreldrum. Gott getur verið að beina sjónum t.d. að:

- Mælitölu
- Landsmeðaltali
- Lýsingu á stöðu (neðstu mörk kvarða, undir meðaltali, við meðaltal, yfir meðaltali)
- Lýsingu á stöðu nemenda í texta og næstu skref í kennslu
- Almennri lýsingu á stöðu nemenda á hverju mælitölubili

Þetta krefst þess að kennarar séu vel að sér í því hvernig niðurstöður eru settar fram og hvað þær þýða.





Heimalestur

Til að ná árangri þarf þjálfun að eiga sér stað. Á glærukynningunni sem fylgir fræðslunni eru fjórar glærur sem fjalla um heimalestur. Þar eru ýmis atriði sem eru gagnleg þegar kemur að því að leiðbeina foreldrum varðandi heimalesturinn og meðal annars ábendingar til foreldra sem hægt er að nýta eftir því hvað hentar stefnu hvers skóla.

Mikilvægt er að í öllum skólum sé mörkuð stefna um hvers er vænst af foreldrum varðandi lestrarþjálfun og hvernig eigi að bregðast við ef samstarfið gengur ekki sem skyldi. Þessar væntingar þarf að kynna fyrir foreldrum með skýrum hætti og hér að neðan eru dæmi um atriði sem getur verið gott að fara yfir:

- Hve oft á að lesa heima og hve lengi og mikið í einu? Er heimalesturinn skráður og þá hvernig?
- Endurtekinn lestur; er börnunum ætlað að lesa allt eða hluta aftur? Hér er ágætt að vísa til umfjöllunar um lesfimi og sjónrænan orðaforða. Börn þurfa á mismikilli endurtekningu að halda en mikilvægt er að foreldrar átti sig á að það þarf að styðja við og leiðrétta börnin þegar þau lesa rangt.
- Virk hlustun. Til að geta stutt vel við lestur og lestrarlag þarf að einbeita sér að því að hlusta á barnið og fylgja því í textanum. Foreldri sem er á ferðinni að sinna fleiri hlutum meðan barnið les nær ekki að leiðrétta og styðja við lesturinn.
- Stuðningur við lestrarnákvæmni og lestrarlag. Eins og kom fram að ofan verður að styðja við og leiðrétta ef lestur

Heimalestur

Væntingar skóla til heimalestrar:

- Hve oft á að lesa heima og hve lengi í einu?
- Endurtekinn lestur
- Virk hlustun
- Stuðningur við lestrarnákvæmni og lestrarlag
- Eftirfylgni skóla
- Viðbrögð skóla ef heimalestri er ekki sinnt

Glæra 13

er ónákvæmur. Lestrarlagið er líka mikilvægt og oft þarf að aðstoða börn með rétt lestrarlag þegar textinn þyngist. Þá þarf að fara að gæta að greinarmerkjum og lesa í réttum hendingum og í samræmi við innihald textans. Lesskilningur og gott lestrarlag er samofið, þ.e. til að geta lesið með góðu lestrarlagi þarf lesarinn að vita hvað er að gerast í textanum. Fjallað er um mótun hendinga á *Læsisvef Menntamálastofnunar*.

- Ef ætlunin er að sýna myndböndin með styðjandi aðferðum eða senda þau heim er gott að vísa til þeirra hér, að foreldrar munu fá í hendur leiðir til að geta mætt ofangreindum atriðum.
- Eftirfylgni skóla varðandi heimalestur og viðbrögð skóla ef heimalestri er ekki sinnt. Mikilvægt er að gera foreldrum grein fyrir stefnu skólans í þessum málum.

Heimalestur: Góðar venjur

Það er mikilvægt að koma sér upp góðum venjum í tengslum við lestrarþjálfun og til að auka líkur á að tíminn sem varið er í þjálfunina nýtist sem best er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Veljið þann tíma sem hentar ykkar barni sem best. Fyrir suma er best að lesa strax eftir skóla, öðrum hentar að lesa þegar komin er ró eftir kvöldmat.
- Að barnið sé ekki of þreytt, svangt eða annað sem orsakar vanlíðan og tekur athygli frá lestrinum.
- Að það sé gott næði meðan lesið er, reynið að lágmarka ytra áreiti svo sem af útvarpi og snjalltækjum.
- Að athygli þess sem hlustar sé öll á barninu og hlustunin virk.

Listinn er ekki tæmandi og hægt að bæta við og breyta og nýta af honum það sem hentar hverjum skóla.

Heimalestur: Góðar venjur

Til að auka líkur á að tíminn sem varið er í lestrarþjálfun nýtist sem best er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Heppilegur þjálfunartími
- Barn tilbúið í þjálfunina
- Næði
- Góð athygli og virk hlustun

Glæra 14



Heimalestur: Hugað að skilningi

Fyrir kemur að þær raddir heyrast að lestrarbækur fyrir byrjendur séu innihaldsrýrar og leiðinlegar en staðreyndin er sú að textinn og uppbygging hans þarf að vera með einföldu sniði meðan börnin öðlast öryggi í umskráningarfærni. Eftir því sem tímanum vindur fram og börnunum fer fram í lestri verður innihaldið meira og textinn flóknari. Þá er mikilvægt að umræður um textann verði hluti af heimalestri. Þegar barn fær aðstoð og leiðsögn við að vakta skilning sinn, því kennt að bregðast við þegar skilning þrýtur, leita upplýsinga og bæta við orðaforða sinn er verið að styðja við lestrarfærni til framtíðar og leggja grunn að góðum lestrarvenjum. Einnig eykst þörfin fyrir rétt lestrarlag eftir því sem textinn verður innihaldsríkari og flóknari og foreldrar þurfa oft að styðja betur við lestur barnanna.

Hægt er að taka dæmi um tvo texta sem eru dæmigerðir snemma í lestrarnáminu. Hér er t.d. texti sem er á blaðsíðu 19 í *Lestrarlandinu*:

Silli sá Ára.

Silli sá il á Ára.

Sá Silli il á Óla?

Og texti úr lestrarbókinni *Alex og Rex* sem er í 1. flokki samkvæmt þyngdarflokkun Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu:

-Má ég passa Rex? það Pálína.

-Bara þínulítið? það Eydís.

-Já, sagði Alex, ef þið passið hann vel. Ekki leyfa honum að éta neitt.

Hægt er að setja þessa texta á glærur og benda foreldrum á hvað textinn þyngist hratt bæði með tilliti til einstakra orða, málsgreina

Heimalestur: Hugað að skilningi

Við upphaf lestrarnáms eru textarnir gjarnan innihaldsrýrir og fyrst og fremst hugsaðir til að kenna umskráningu. Fljótlega verða þeir þó innihaldsríkari og þá er mikilvægt að huga einnig að skilningi og gefa tíma til að ...

- ræða um persónur og aðstæður,
- setja sig í spor persóna og tengja atburði við eigið líf,
- fylgjast með hvort barnið virðist eiga í erfiðleikum með að skilja orð og útskýra.

Glæra 15

og innihalds og tengja það við umræðu um skilning, umskráningarfærni, lestrarlag og gildi endurtekningarinnar fyrir þjálfun.

Stuðningsefni

Á *Læsisvefnum* má finna almenna umfjöllun um orðaforða og lesskilning:

• Um orðaforða og lesskilning

Sérstök ástæða er til að benda á þessi tvö verkefni af *Læsisvefnum* sem innihalda gagnlegar leiðbeiningar fyrir foreldra og kennara:

- [Að vakta lesskilninginn](#)
- [Að hugsa upphátt við lestur](#)

Ef heimalesturinn gengur erfiðlega

Þarfir barna og fjölskyldna eru ólíkar og þrátt fyrir leiðbeiningar og viðmið um heimalestur getur þurft að aðlagja skipulagið fyrir einstaklinga og jafnvel sinna þjálfun að nokkru leyti í skólanum þegar heimilið ræður illa við verkefnið. Þá er mikilvægt að eiga gott samtál við foreldra, ítreka mikilvægi þjálfunar, kanna hve miklu þeir treysta sér til að sinna og e.t.v. er hægt að auka það jafnt og þétt.

Ekki þarf að vera um eiginlegan lestrarvanda að ræða þó að heimalestur gangi ekki sem skyldi. Einbeitingarvandi og skortur á úthaldi getur haft mikil áhrif þegar tekist er á við svo flókið verkefni sem lestrarnámið er. Lykilatriði er að kennarar fylgist vel með framvindu heimalestrar og leiti leiða með foreldrunum til dæmis með því að finna hvaða efni er heppilegast og hvaða aðferðir eru líklegastar til að henta við heimalesturinn. Sem dæmi má nefna að ef barn á erfitt með að ná tókum á bókstöfunum og hljóðum þeirra er líklegt að því fallist hendur þegar lestrarbækurnar fara að innihalda fleiri blaðsíður og fleiri línur á hverri síðu. Þá er gott að benda á styðjandi aðferðir svo barnið sjái fram úr verkefninu og sé tilbúið til að reyna.

Ef heimalesturinn gengur erfiðlega

Leiðir til að auðvelda heimalesturinn:

- Er lesefnið of þungt? Hafa samband við kennara og ræða málið.
- Skipta heimalestrartímanum upp (t.d. í 2x5 mínútur í stað þess að lesa í 10 mínútur í einu) eða lesa í styttri tíma til að byrja með og lengja um mínútu annan eða þriðja hvern dag og auka þannig úthald barnsins.
- Notað styðjandi aðferðir til að hjálpa barninu.

Glæra 16

Til þess að auka líkur á að foreldrar leiti til skólans með erfiðleika þarf að gefa til kynna að lausna verði leitað með opnum huga og jákvæðni í samstarfi.



Styðjandi aðferðir við heimalestur

Gerð hafa verið stutt myndbönd sem sýna styðjandi aðferðir við lestrarkennslu og lestrarþjálfun. Gott er að sýna þessi myndbönd og senda einnig heim slóðir á þau svo að foreldrar geti rifjað upp aðferðirnar. Það getur jafnvel verið góð hugmynd að sýna nemendum myndböndin og útskýra að foreldrum þeirra hafi verið kennt að nota þessar aðferðir.

Myndböndin eru:

- [Bergmálslestur](#)
- [Kórlestur](#)
- [Víxllestur](#)
- [Tenging aðferða til sjálfstæðs lestrar](#)
- [Hljóðkerfisvitund: Stafa- og hljóðavinna](#)

Styðjandi aðferðir við heimalestur

- Bergmálslestur
- Kórlestur
- Víxllestur
- Að tengja saman styðjandi aðferðir

Glæra 17



Að lokum

Tilgangur með fræðslunni er að efla samstarf heimila og skóla um lestrarnám barna. Það skiptir máli að foreldrar átti sig á mikilvægi lestrarþjálfunar, fái aukinn skilning á eðli lestrarnáms og upplýsingar um aðferðir til að beita við þjálfunina. Það eykur líkur á góðu gengi.

Ef foreldrar ganga út af fræðslufundi og finnst þeir

- vera í góðri samvinnu við skólann um lestrarnámið og hafa vægi og rödd í samstarfinu,
- hafa mikilvægu hlutverki að gegna,
- þekkja hlutverk sitt og hafa verkfæri til að sinna því,
- geta leitað til skólans með hvers kyns vanda,

þá er markmiðinu með fræðslunni náð.

Að lokum

- Dragið örstutt saman það mikilvægasta.
- Hvetjið til spurninga og umræðna.
- Hvetjið til að haft sé samband við kennara ef áhyggjur eða spurningar vakna – allar spurningar eru mikilvægar!

Glæra 18



Hugtök og skilgreiningar

Hér fyrir neðan eru stuttar skilgreiningar á lykilhugtökum sem kennarar geta gripið til, ýmist með því að útskýra þau sérstaklega á nokkrum glærum eða jafnóðum og þau koma fyrir í efninu.

Áhugahvöt

Hvatinn til að þjálfastur. Hvötin byggir á áhuga, þrautseigju og viðhorfi til þjálfunar og lestrar.

Hljóðkerfisvitund

Vísar til almennrar færni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða. Efsta stig hljóðkerfisvitundar er hljóðavitundin sem felur í sér getuna til að greina stök hljóð tungumálsins sem er mikilvæg færni við upphaf lestrarnáms.

Lesskilningur

Skilningur á lesnum texta. Er m.a. háður orðaforða og bakgrunnspekkingu lesara.

Lestur

Beiting umskráningarfærni og sjónræns orðaforða til að leggja merkingu í texta.

Lesfimi

Sjálfvirkur, nákvæmur lestur og gott lestrarlag (hæfilegur hraði, réttar áherslur og gott hljómfall). Þegar lestur er sjálfvirkur og réttur á lesarinn auðveldara með að leggja merkingu í textann.

Læsi

Hæfnin til að nýta sér lestur og ritun á fjölbreyttan hátt.

Orðaforði

Öll orð og hugtök sem einstaklingur skilur. Góður orðaforði er forsenda alls skilnings (málskilnings, hlustunarskilnings og lesskilnings).

Ritun

Skrifleg tjáning, að læra að draga til stafs og semja texta skv. hefðum ritmálsins. Þjálfastur þarf lestur og ritun jafnmikið á fyrstu stigum lestrarnáms.

Sjónrænn orðaforði

Sjónrænn orðaforði eru þær orðmyndir sem lesari þekkir á sjálfvirknan og fyrirhafnarlausan hátt, þarf ekki að hljóða sig í gegnum orðin og getur því einbeitt sér að merkingu þeirra. Sjálfvirkni er mikilvægur þáttur í lesfimi og því hefur stærð sjónræns orðasafns áhrif á hana. Þjálfun er lykilatriði þegar kemur að eflingu sjónræns orðaforða því nauðsynlegt er að sjá orðmyndina nokkrum sinnum, en fjöldi skipta sem það tekur að festa orðmynd í langtíðaminni er einstaklingsbundinn.

Stafaþekking

Að þekkja bókstafstákn og hljóð við lestur og ritun. Stafaþekking þarf að vera fullkomlega sjálfvirk svo lestrarnám gangi vel.

Stýrifærni

Stýrifærni gerir fólki kleift að stjórna hugsunum sínum, tilfinningum og atferli þannig að það nái að framkvæma það sem ætlunin er.

Umskráning

Færni í að breyta bókstafstáknum í hljóð og tengja saman í stök orð, setningar og málsgreinar.

Heimildir og ítarefni

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008).

Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um mennta-rannsóknir*, 5, 7–26.

Crosby, S. A., Rasinski, T., Padak, N. og Yildirim, K. (2015). A 3-year study of a school-based parental involvement program in early literacy. *The Journal of Educational Research*, 108(2), 165–172.

Elva Eir Þórólfsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Snemmtæk íhlutun í lestrarnámi í 1. bekk. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/10.pdf>

Epstein, J. L. (2011). *School, family and community partnerships: Preparing educators and improving schools* (2. útgáfa). Boulder, CO: Westview Press.

Helga Sigurmundsdóttir (2011). Að þjálfra lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 93-122). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.

Hornby, G. og Lafaele, R. (2011). Barriers to parental involvement in education: An explanatory model. *Educational Review*, 63(1), 37–52.

Kuhn, M. R., Schwanenflugel, P. J., & Meisinger, E. B. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody, and definitions of fluency. *Reading research quarterly*, 45(2), 230–251.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálastofnun. (e.d.) *Læsisvefurinn*. Sótt af: <https://laesisvefurinn.is/>

Menntavísindasvið HÍ og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt af: <http://lesvefurinn.hi.is/>

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.

National reading panel (NRP). (2000). *Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development.

OECD. (2012). *Let's read them a story! The parent factor in education*, PISA, OECD Publishing. <http://dx.doi.org/10.1787/9789264176232-en>

Paratore, J. og Edwards, P. (2011). Parent-teacher partnerships that make a difference in children's literacy achievement. Í L. M. Morrow og L. B. Gambrell (ritstj.), *Best practices in literacy instruction* (4. útg.) (bls. 436–454). New York: The Guilford Press.

Rasinski, T. V., og Smith, M. C. (2018). *The megabook of fluency: Strategies and texts to engage all readers*. Scholastic.

Shanahan T. (2020). Shanahan on literacy.
Sótt af <https://www.shanahanonliteracy.com/>

Stanovich, K. E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21(4), 360–407.

Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). (2011). *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla – Handbók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Walpole S. og McKenna M. C. (2007). *Differentiated reading instruction: Strategies that work*. New York: Guilford Press.



Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu

40336